

FRÁSÖGN

af janúarfundum Norðurlandaráðs í Esbo 25.-26. janúar 2011

Janúarfundir Norðurlandaráðs fóru fram í Esbo í Finnlandi 25.–26. janúar sl. Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sóttu fundina Helgi Hjörvar, formaður, Álfheiður Ingadóttir, Ásmundur Einar Daðason, Bjarni Benediktsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir og Siv Friðleifsdóttir, auk Lárusar Valgarðssonar ritara. Helstu mál á dagskrá voru makrílveiðar í Norður-Atlantshafi, tillaga Íslandsdeildar um mænuskaða, stjórn málaþróun í Hvíta-Rússlandi, málþing um norðurslóðir, stjórnarskrárleg málefni og landsdómar í Finnlandi og á Íslandi, nýjasta PISA-könnunin og formennskuáætlun Dana í Norðurlandaráði 2011.

Makrílveiðar í Norður-Atlantshafi voru teknar til umfjöllunar í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd, vegna slita árangurslausra viðræðna Evrópusambandsins, Noregs, Íslands og Færeyja, sem gera tilkall til veiðikvóta á makríl árið 2011. Eftir að slitnaði upp úr viðræðunum í nóvember sl. hafa deiluaðilar tekið sér einhliða kvóta, ESB og Noregur samtals 584.000 tonn, Ísland 147.000 tonn og Færeyjar 85.000 tonn. Óljóst er hvað Rússland, sem er ekki strandríki en veiðir úr makrílstofninum í Síldarsmugunni og var áheyrnarfulltrúi á samningafundum um skiptingu veiðanna, mun veiða mikið, en útlit er fyrir að heildarafli á makríl á árinu 2011 verði meiri en vísindaleg ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) um allt að 646.000 tonnum. Öll ríkin sem hlut eiga að máli hafa undirritað fiskveiðasamning Sameinuðu þjóðanna sem skuldbindur þau til að vinna saman að því tryggja sjálfbærar fiskveiðar.

Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd fékk á sinn fund Kjartan Hoydal, framkvæmdastjóra Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) til að kynna málið og einnig var dreift minnisblöðum um það frá sjávarútvegsráðuneytinu í Færeyjum og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu á Íslandi. Nefndin ákvað að senda frá sér yfirlýsingu, sem öll nefndin stæði á bak við, til ríkisstjórna norrænu ríkjanna, Evrópuþingsins og framkvæmdastjórnar ESB, til að hvetja aðila málsins til að setjast að samningaborði og finna lausn sem tryggir sjálfbæra nýtingu makrílstofnsins. Harðar umræður urðu á fundinum um orðalag yfirlýsingarinnar, sér í lagi milli fulltrúa Noregs og Íslands í nefndinni. Að lokum tókst samkomulag um svohljóðandi yfirlýsingu: „Umhverfis- og auðlindanefnd Norðurlandaráðs hvetur aðila sem koma að makríldeilunni til að setjast sem fyrst að samningaborði með það að markmiði að komast að samkomulagi um nýtingu makrílstofnsins á sjálfbæran hátt. Reynslan í gegnum söguna sýnir að ágreiningur um nýtingu náttúruauðlinda og ósjálfbær nýting þeirra skaðar alla hlutaðeigandi og spillir að auki framtíðarfiskveiðum, ekki síst einstæðum tegundum. Í ljósi sögulegra heimilda um veiðar úr stofninum, útbreiðslu hans á ákveðnu tímabili, nýjum göngumynstrum og þýðingu veiðanna fyrir strandríkin, ætti að vera mögulegt að ná samkomulagi um veiðiheimildir sem tryggja framtíð makrílstofnsins og útgerðarinnar. Nefndin hvetur ríkisstjórnir norrænu ríkjanna og Norrænu ráðherranefndina til að vinna að því að efla rannsóknir á útbreiðslu makrílstofnsins og þar með skapa aðstæður til að samningar náist um skiptingu veiðikvóta milli ríkjanna.“

Velferðarnefnd afgreiddi úr nefnd tillögu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um auknar rannsóknir vegna mænuskaða. Tillagan fjallar um að fela nefnd sérfróðra vísindamanna og lækna að safna upplýsingum og gera yfirlit yfir norrænar og aðrar rannsóknir og meðferðir við mænuskaða, í formi skýrslu, og gera tillögur um úrbætur um rannsóknir og meðferðir á mænuskaða. Einnig var samþykkt að gera rannsókn á þátttöku fólks með mænuskaða á vinnumarkaði og að vinna að norrænni gæðaskrá um mænuskaða. Um 1.000 Norðurlandabúar verða fyrir mænuskaða árlega. Á síðustu áratugum hafa framfarir í meðferð við mænuskaða verið hægari en á öðrum sviðum læknavísinda, til að mynda varðandi krabbameins-, hjarta- og

augnlækningar. Tillagan verður, í framhaldi af samþykkt velferðarnefndar, lögð fram til umfjöllunar á þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í nóvember.

Hvíta-Rússland, og samskipti Norðurlandaráðs við stjórnvöld þar, var til umfjöllunar í forsætisnefnd í kjölfar forsetakosninga í Hvíta-Rússlandi þar sem stjórnarandstæðingar voru handteknir, þar á meðal nokkrir forsetaframbjóðendur. Norðurlandaráð hefur á undanförunum árum verið í samskiptum við stjórnmalahreyfingar í Hvíta-Rússlandi til að styðja lýðræðisþróun í landinu. Norðurlandaráð hefur frá árinu 2007, í samvinnu við Eystrasaltsþingið, skipulagt fjórar hringborðsumræður um ákveðin málefni með þátttöku fulltrúa stjórnar og stjórnarandstöðu. Hin harkalega framganga stjórnvalda í Hvíta-Rússlandi í tengslum við forsetakosningarnar er bakslag fyrir markmið samskiptanna og tilefni umfjöllunar forsætisnefndar. Fráfarandi forseti Norðurlandaráðs, Helgi Hjörvar, hafði einnig fordæmt handtökurnar opinberlega strax að afloknum forsetakosningunum í desember og krafist þess að fangarnir yrðu látnir lausir. Forsætisnefnd ákvað að fresta fyrirhugaðri heimsókn stjórnmalamanna frá Hvíta-Rússlandi á vegum Norðurlandaráðs til Norðurlanda í mars næstkomandi en vera í samskiptum og ráðfæra sig við stjórnarandstöðuna í Hvíta-Rússlandi um framhaldið. Einnig ákvað forsætisnefnd að mælast til þess við norska Stórþingið að bjóða ekki fulltrúum stjórnvalda í Hvíta-Rússlandi til þingmannaráðstefnu um Norðlægu víddina sem haldin verður í Tromsø 21.–23. febrúar.

Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd og efnahags- og viðskiptanefnd héldu sameiginlegt málþing um norðurslóðir og áskoranir vegna umhverfisslysa og björgunarmála. Gestir fundarins voru Ole Kristian Bjerkemo frá norsku landhelgisgæslunni, sem á sæti í starfshópi Norðurskautsráðsins um umhverfisslys (EPPR), og Timo Viitanen frá finnska innanríkisráðuneytinu, sem á sæti í vinnuhópi Norðurskautsráðsins (SAR), um það tímabundna verkefni að undirbúa alþjóðlega samþykkt um samvinnu um björgun á norðurslóðum.

Stjórnarskrárleg málefni og landsdómar í Finnlandi og Íslandi voru til umfjöllunar í borgara- og neytendanefnd. Á fundinum var sérstaklega fjallað um landsdóm í Finnlandi í tengslum við mál Matti Vanhananen, fyrrverandi forsætisráðherra, sem grunaður var um vanhæfi fyrir að þiggja framlög til kosningabaráttu frá stofnun sem þáði ríkisstyrki en Vanhanen var einnig stjórnarformaður hennar. Ríkissaksóknari Finnlands tilkynnti nýlega að ekki reyndust stoðir fyrir grun um saknæmt athæfi. Gestur fundarins af þessu tilefni var Markku Suksi, prófessor við Åbo-háskóla, sem kynnti landsdómsferlið í Finnlandi og málavöxtu Vanhanen-málsins.

Mennta- og menningarmálanefnd ræddi nýjustu PISA-könnunina og tveir fræðimenn, Heidi Harju-Luukkainen frá Finnlandi og Marit Kjærnsli frá Noregi, fóru yfir niðurstöður og breytingar síðustu ára. Í framhaldi umræðna var ákveðið að nefndin ræddi frekar hvernig aðrar Norðurlandþjóðir gætu nálgast árangur Finna. Finnski menntamálaráðherrann Hanna Virkkunen kom einnig til fundar við nefndina og ræddi PISA, kennaramenntun í Finnlandi og sjálfstæði kennara í starfi.

Þá var formennskuáætlun Dana í Norðurlandaráði árið 2011 kynnt á sameiginlegum fundi allra þingmanna af nýjum forseta Norðurlandaráðs, Henrik Dam Kristensen. Meginatriði áætlunarinnar eru þrjú, hraðari ákvarðanatáka í norrænu samstarfi, samstaða Norðurlanda í Evrópusamstarfi og sameiginleg stefna um norðurskautið.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Norðurlandaráðs og á vefsvæðinu www.norden.org.